



# Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd

## FUNDUR - 13. september 2005

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd miðvikudaginn, 13. september 2005 kl. 18:00 í leikskólanum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Vetrarstarfið.
2. Starfsmannamál.
3. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einarsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Gaf hún leikskólastjóra, Jóhönnu Jónasdóttir orðið.

### Afgreiðslur:

1. Leikskólastjóri kynnti að núna væru 51 barn í leikskólanum. Ákveðið hefur verið að leggja hjólabraut við leikskólann núna í haust. Foreldrafélag skólans gaf leikskólanum nýverið mjög glæsilega digital myndbandsupptökuvél og eru því færðar bestu þakkir fyrir.

2. Starfsmannamál. Auglýst var eftir stafsmonnum í nokkrar stöður. Í þessar stöður voru ráðnar:  
Erla Hálfánardóttir í 100% starf í 10 vikur en í 50% starf eftir það,  
Gígja Blöndal í 100% starf í 10 vikur og í 50% starf eftir það,  
Maríanna Þorgrímsdóttir var ráðin í 50% starf í 10 vikur,  
Anna Aspar Aradóttir var ráðin í ræstingar.

Þá viku af fundi,  
Jóhanna Jónasdóttir, leikskólastjóri,  
Greta Björg Lárusdóttir, fulltrúi foreldrafélags,  
Halla Björg Bernókusdóttir, fulltrúi starfsfólks.

3. Önnur mál.  
Helgi skólastjóri kom á fund og kynnti að 3 umsóknir hefðu borist en auglýst var eftir stuðningsfulltrúa í 60% stöðu.  
Umsóknir bárust frá:  
Steinunni Önnu Steingrímsdóttir,  
Ragnheiði Ólafsdóttir og  
Hildi Björgu Vilhjálmsdóttir  
Ákveðið var að mæla með að tillögu skólastjóra, að ráða Hildi Björgu Vilhjálmsdóttir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Margrét Einarsdóttir  
Árný Þ. Árnadóttir  
Eva Hrund Pétursdóttir  
Nína Margrét Pálmadóttir

Jakobína Halldórsdóttir